

Háskólamenn óttast valdafólk

Fjöldi háskólamanna sem hefur tjáð sig við fjölmiðla hefur sætt gagnrýni frá stjórnámamönnum, valdafólki eða öðrum hagsmunaaðilum vegna þess.



Sjötti hver háskólamaður segist hafa komið sér hjá því að tjá sig við fjölmiðla vegna ótta við viðbrögð valdafólks úr stjórn mála- og efnahagslífi. Þá telur meirihluti aðspurðra háskólamanna að akademísku frelsi fræði- og vísindamanna á Íslandi stafi ógn af gagnrýni eða hótunum frá valdafólki í stjórn málum og efnahags- og atvinnulífi. Þetta kemur fram í niðurstöðum nýrrar könnunar um viðhorf háskólafélks til þátttöku í opinberri umræðu á vettvangi fjölmiðla.

Ádrepa í rannsóknarskýrslu

Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis hefur að geyma ádrepu á störf háskólasamfélagsins í aðdraganda falls íslenska bankakerfisins. Þar er háskólafélagi legið á hálsi að hafa ekki haft uppi næga gagnrýni á ástand mála en jafnframt er þó bent á að aðstæður til gagnrýnnar umræðu í samfélaginu hafi verið bágbornar.

Sérstök þingmannanefnd, sem skipuð var fulltrúum allra flokka sem áttu sæti á Alþingi á síðasta kjörtímabili, vann sjálf skýrslu um rannsóknarskýrsluna. Í meginniðurstöðum og ályktunum þingnefndarinnar er sérstaklega vikið að samfélagsumræðu á Íslandi og bent á að góð stjórn mála- umræða náist fram „með því að láta andstæð sjónarmið mætast þar sem byggt er á staðreyndum og málin eru krufin til mergjar. Íslensk stjórn mála hafa ekki náð að þroskast nægilega í samræmi við það“. Í skýrslunni er jafnframt að finna hvatningu til háskólafélks „af ólíkum fræðasviðum til að taka þátt í opinberri umræðu og styrkja með því tengsl fræðasamfélagsins, atvinnulífsins og hins almenna borgara“.

Hvatningin til háskólafélks byggist á þeirri hugmynd að þessi hópur hafi fram að færa einhverja þekkingu eða reynslu, umfram aðra borgara, sem nýst geti í hinni lýðræðislegu umræðu. Sú þekking eða reynsla getur jafnvel varpað nýju ljósi á ýmis málefni í samfélaginu og stuðlað að því að rökstuddar og yfirvegaðar ákvarðanir séu teknar í mikilvægum samfélagsmálum. Hvatningin hvílir líka á þeirri hugmynd að innan háskólanna starfi fólk sem hafi það að

markmiði að afla nýrrar þekkingar eða leita „sannleikans“, eins og það er stundum nefnt, með aðferðum vísindanna sem byggjast á gagnrýninni hugsun.

Veigra sér við að taka þátt

Í þessu samhengi hefur verið talað um borgaralegar skyldur háskólafélks, það er að það láti að sér kveða í hinni opinberu umræðu þegar því sýnist réttu máli hallað eða umræða um tiltekin mál vanrækt. Akademískt frelsi háskólafélks, sem oft hefur verið nefnt mikilvægasta lögmál háskólasamfélagsins og felst í frelsi háskólamanna til kennslu, rannsókna og tjáningar án óeðlilegrar íhlutunar annarra í samfélaginu, á að tryggja að fólk úr háskólasamfélaginu geti tekið þátt í umræðunni án þess að óttast um hag sinn.

Ýmislegt bendir hins vegar til hluti háskólafélks veigri sér engu að síður við að taka þátt í samfélagsumræðunni hér á landi vegna þess hversu óvægin umræðan getur orðið. Í rannsóknarskýrslu Alþingis er talað um tjáningar-óttu og sjálfskipaða þöggun í þessu samhengi og jafnframt rakin dæmi af hótunum og þöggun sem háskólafolk sætti af hálfu valdafólks í efnahags- og stjórnmálalífi fyrir að andæfa ríkjandi sjónarmiðum í samfélaginu. Á síðustu árum og misserum hafa svo birst fleiri dæmi þess að ákveðins óþols gæti gagnvart þátttöku háskólafélks í opinberri umræðu. Nefna má dæmi þar sem hvatt var til **brottreksturs háskólafélks** úr nefndum eða starfi fyrir framlag þess til Icesave-umræðunnar eða fyrir að **leggja mat** á þróun tiltekinna stjórnmálaflokka.


Þá má finna tvö nýleg dæmi þar sem háskólafolk hefur verið sakað um **pólítísk afskipti eða pólítískar krossfarir** eftir að hafa vakið athygli á sjónarmiðum sem ekki hafa verið ráðandi aðilum að skapi.

Á málþingi sem haldið var undir yfirskriftinni „Eru háskólakennarar í pólítískri krossferð?“ í Háskóla Íslands á dögnum nefndu þátttakendur fleiri dæmi frá liðnum árum af gagnrýni og hótunum valdafólks í efnahags- og atvinnulífi í garð háskólafélks.




Niðurstöður: Viðhorf háskólafélks til þátttöku í umræðu í fjölmiðlum

Hversu oft eða sjaldan hafa íslenskir fjölmiðlar rætt við þig sem vísinda- og fræðimann á síðastliðnum tólf mánuðum?*




■ Alldrei ■ Einu sinni ■ Tvisvar til fimm sinnum ■ Sex til tíu sinnum ■ Einu sinni í mánuði ■ Tvisvar til þrisvar í mánuði ■ Einu sinni í viku eða oftar

Hversu rétta eða ranga mynd telur þú að fjölmiðlar gefi almennt af vísinda- og fræðimönnum úr háskólasamfélaginu?




■ Hárrétta ■ Rétta ■ Hvorki rétta né ranga ■ Ranga ■ Alranga

Hversu oft eða sjaldan hefurðu lent í því að fjölmiðlar hafi að þínu mati tekið orð þín úr samhengi?




■ Alltaf ■ Oft ■ Stundum ■ Sjaldan ■ Alldrei ■ Á ekki við

Hversu vel eða illa telur þú íslenska fjölmiðla valda því hlutverki að miðla þekkingu/rannsóknum úr háskólasamfélaginu?




■ MJög vel ■ Vel ■ Hvorki vel né illa ■ Illa ■ MJög illa

Hversu sammála eða ósammála ertu því að fjölmiðlar spyrji að jafnaði fræði- og vísindamenn fremur um skoðanir þeirra en faglega þekkingu?




■ MJög sammála ■ Frekar sammála ■ Hvorki sammála né ósammála ■ Frekar ósammála ■ MJög ósammála

Hversu oft eða sjaldan hefur þú á síðustu tólf mánuðum skrifað grein(ar) í dagblað/tímarit eða á vefsíðu, byggða(r) á sérþekkingu þinni, sem ætlaðar eru almenningi sem innlegg í opinbera umræðu?




■ Alldrei ■ Einu sinni ■ Tvisvar til fimm sinnum ■ Sex til tíu sinnum ■ Einu sinni í mánuði

Hversu mikilvægt eða lítilvægt telur þú að vísinda- og fræðimenn taki þátt í opinberri umræðu um mikilvæg þjóðfélagsmál?




- **Mjög mikilvægt**
- **Frekar mikilvægt**
- **Hvorki mikilvægt né lítilvægt**
- **Frekar lítilvægt**
- **Mjög lítilvægt**

Hversu oft eða sjaldan á starfsferli þínum hefur þú komið þér hjá því að tjá þig sem vísinda- eða fræðimaður við fjölmiðla til að forðast gagnrýni frá stjórnámálamönnum, valdafólki í efnahagslífi eða öðrum hagsmunaaðilum í atvinnulífi?




- **Aldrei**
- **Einu sinni**
- **Tvisvar sinnum**
- **Prisvar sinnum**
- **Oftar en þrisvar sinnum**
- **Ég hef aldrei rætt við fjölmiðla**

Hversu líklegt eða ólíklegt er að gagnrýni frá stjórnámálamönnum, valdafólki í efnahagslífi eða öðrum hagsmunaaðilum í atvinnulífi á vísinda- og fræðimenn myndi koma í veg fyrir að þú tjáðir þig við fjölmiðla um mál sem hefur mikla pólitíska þýðingu?




- **Mjög líklegt**
- **Líklegt**
- **Hvorki líklegt né ólíklegt**
- **Mjög ólíklegt**
- **Ólíklegt**

Hversu móttækilegt eða ómóttækilegt telur þú samfélagið almennt fyrir þátttöku vísinda- og fræðimanna í opinberri umræðu um þessar mundir?




- **Mjög móttækilegt**
- **Móttækilegt**
- **Hvorki móttækilegt né ómóttækilegt**
- **Ómóttækilegt**
- **Mjög ómóttækilegt**
- **Ég vil ekki/get ekki svarað þessari spurningu**

Hversu oft eða sjaldan á starfsferli þínum hefur þú komið þér hjá því að tjá þig sem vísinda- eða fræðimaður við fjölmiðla vegna ótta við viðbrögð almennings?



- **Aldrei**
- **Einu sinni**
- **Tvisvar sinnum**
- **Prisvar sinnum**
- **Oftar en þrisvar sinnum**
- **Ég hef aldrei rætt við fjölmiðla**

Hversu sammála eða ósammála ertu því að akademísku frelsi fræðis- og vísindamanna á Íslandi stafi ógn af gagnrýni eða hótunum frá stjórnámálamönnum, valdafólki í efnahagslífi eða öðrum hagsmunaaðilum í atvinnulífi?



- **Mjög sammála**
- **Frekar sammála**
- **Hvorki sammála né ósammála**
- **Mjög ósammála**
- **Ósammála**

Gagnrýni og hótanir gagnvart háskólaþólki eru hins vegar ekki alltaf uppi á yfirborðinu og til þess að varpa frekara ljósi á aðstæður háskólaþólks til þátttöku í samfélagslegri umræðu gerði greinarhöfundur sérstaka könnun meðal prófessora, dósentna og lektora við íslenska háskóla á haustmánuðunum 2013. Könnunin var liður í lokaverkefni í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands. Spurt var um reynslu þessa hóps af þátttöku í samfélagsumræðunni í gegnum fjölmiðla og viðhorfi til slíkrar umræðu. Könnunin var send á um 750 manns og var svarhlutfall um 40%.

MARGÞÆTT SKYLDA HÁSKÓLAFÓLKS GAGNVART SAMFÉLAGINU

Frumskylda háskólamanna er að sinna kennslu og rannsóknum en árvekni þeirra gagnvart því hvernig þekkingin er notuð í samfélaginu er einnig mikilvæg, segir Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands. Í því felist meðal annars að háskólaþólk sé á varðbergi gagnvart því að farið sé ranglega með eitthvað sem varðar þeirra fræðasvið og að þekking úr háskólunum sé notuð í skaðlegu skyni.

Vilhjálmur segir borgaralega skyldu háskólamanna líka geta náð til málefna sem aðrir vanræki vegna þrýstings af ýmsu tagi. „Eins held ég að megi segja að því skeytingarlausari sem stjórn málin og stjórn málamenn eru um staðreyndir og mannréttindi, þeim mun sterkari verður þessi skylda að háskólamenn beiti sér,“ segir Vilhjálmur. Hið akademíska samfélag geti með framlagi sínu stuðlað að því að ákvarðanir sem teknar eru og varða samfélagið séu vel ígrundaðar og upplýstar.

Vilhjálmur, sem var formaður vinnuhóps um siðferði og starfshætti í tengslum við Rannsóknarnefnd Alþingis 2009–2010, ræddi við Kjarnann um starf vinnuhópsins, meðal annars hvers vegna hópurinn hefði ákveðið að skoða sérstaklega ábyrgð háskólamanna í aðdraganda bankahrunsins. Í



viðtalinu bendir Vilhjálmur líka á mikilvægi þess að háskólamenn greini á milli hlutverks síns sem borgara og vísindamanns og segir frá þverfræðilegri rannsókn sem hann vinnur að ásamt hópi hug- og félagsvísindafólks og hefur það að markmiði að greina hvernig styrkja megi stjórnsíði og lýðræðislega innviði íslensks samfélags. Þar horfir hópurinn meðal annars til nágrannalandanna til samanburðar og í rannsókninni er sérstaklega víkið að hlutverki fjölmiðla í lýðræðislegri umræðu.

Sjötti hver hræddur við valdafólk

Yfirgnæfandi meirihluti aðspurðra taldi mjög eða frekar mikilvægt að vísinda- og fræðimenn tækju þátt í opinberri umræðu um mikilvæg þjóðfélagsmál og rúm 60% töldu að samfélagið væri móttækilegt fyrir þátttöku vísinda- og

fræðimanna í samfélags- umræðunni en áttundi hver var á öndverðri skoðun.


Þá leiddi könnunin þá athyglisverðu niðurstöðu í ljós að sjötti hver svarandi hafði komið sér hjá því að tjá sig við fjölmiðla vegna ótta við valdafólk úr stjórn mála- og efnahagslífi, en mun færri, eða sjö prósent svarenda, sögðust hafa vikið sér undan því að tala við fjölmiðla vegna ótta við viðbrögð almennings. Í könnuninni var einnig spurt hversu líklegt eða ólíklegt væri að gagnrýni frá valdafólki í stjórn málum, efnahagslífi eða atvinnulífi á vísindamenn myndi koma í veg

fyrir að svarendur í könnuninni tjáðu sig við fjölmiðla um mál sem hefði mikla pólitíska þýðingu. Sjötti hver svarandi taldi líklegt eða mjög líklegt að slík gagnrýni myndi hafa áhrif á hann.

Sex prósentum hót að af stjórn málamanni


Í könnuninni var spurt hvort háskólafolk hefði sætt gagnrýni af hálfu tiltekinna valdahópa eftir að hafa tjáð sig sem vísinda- eða fræðimaður við fjölmiðla í tilteknu máli og

Hefur þú sjálf(ur) sætt gagnrýni frá stjórn málamönnum, valdafólki í efnahagslífi eða öðrum hagsmunaaðilum í atvinnulífi eftir að hafa tjáð þig sem vísinda- eða fræðimaður við fjölmiðla í tilteknu máli? (Merktu við allt sem við á)



- Já, frá stjórn málamanni/mönnum
- Já, frá valdamanni/mönnum í efnahagslífi
- Já, frá öðrum hagsmunaaðilum í atvinnulífi
- Nei, aldrei
- Ég hef aldrei rætt við fjölmiðla

Hefur þú sjálf(ur) sætt hótunum af einhverju tagi frá stjórn málamönnum, valdafólki í efnahagslífi eða öðrum hagsmunaaðilum í atvinnulífi eftir að hafa tjáð þig sem vísinda- eða fræðimaður við fjölmiðla í tilteknu máli? (Merktu við allt sem við á)



- Já, frá stjórn málamanni/mönnum
- Já, frá valdamanni/mönnum í efnahagslífi
- Já, frá öðrum hagsmunaaðilum í atvinnulífi
- Nei, aldrei
- Ég hef aldrei rætt við fjölmiðla

gafst möguleiki á að merkja við fleiri en einn kost. Rúmlega 20% svarenda hökuðu við þá fullyrðingu að þeir hefðu sætt gagnrýni af hálfu hagsmunaaðila í atvinnulífi og sjötti hver sagðist hafa mátt þola gagnrýni frá stjórnámamanni eða -mönnum við sömu aðstæður. Þegar tekið hefur verið tillit til þess að einhverjir hökuðu við fleiri en einn kost í spurn-ingunni kemur í ljós að 42% aðspurðra, sem á annað borð höfðu rætt við fjölmiðla, höfðu sætt gagnrýni frá einhverjum þeirra valdahópa sem spurt var um. Enn fremur sögðust sex prósent svarenda hafa fengið hótun frá stjórnámamanni eða -mönnum eftir að hafa tjáð sig sem vísinda- eða fræðimaður við fjölmiðla í tilteknu máli og sama hlutfall hafði fengið hótun frá hagsmunaaðilum í atvinnulífi við sömu aðstæður.



Ógn við akademískt frelsi


Tæplega sex af hverjum tíu svarenda voru frekar eða mjög sammála því að akademísku frelsi fræði- og vísindamanna á Íslandi stafaði ógn af gagnrýni eða hótunum frá stjórnámamönnum, valdafólki eða öðrum hagsmunaaðilum.

frekar eða mjög sammála því að akademísku frelsi fræði- og vísindamanna á Íslandi stafaði ógn af gagnrýni eða hótunum frá stjórnámamönnum, valdafólki í efnahagslífi eða öðrum hagsmunaaðilum í atvinnulífi en einungis fimmtungur sagðist ósammála slíkri fullyrðingu. Frekari niðurstöður má sjá hér til hliðar.

Í athugasemdum í lok könnunar lýsti hluti þátttakenda áhyggjum af stöðu mála, meðal annars að stjórnámamenn græfu markvisst undan sérþekkingu og að viðbrögð hagsmunaaðila við störfum vísindamanna hefðu áhrif á nýliðun á tilteknum fræðasviðum. Út frá samtölum við háskóla-fólk og athugasemdum í könnuninni kemur jafnframt í ljós að margir þekkja til háskóla-fólks sem orðið hefur fyrir aðkasti eða þrýstingi eftir að tjáð sig í fjölmiðlum um tiltekin þjóðfélagsmál.

Traust til fjölmiðla

Hversu mikið eða lítið traust berðu til eftirfarandi fjölmiðla?



Háskóla fólk vantroystir fjölmiðlum

Í könnuninni má jafnframt greina nokkurt vantraust meðal háskóla fólks gagnvart fjölmiðlum, ekki síst þegar kemur að því að miðla faglegru þekkingu og rannsóknum úr samfélaginu. Þó naut Ríkisútvarpið yfirburðstrausts meðal háskóla fólks en traust til annarra miðla reyndist langtum minna en sjá má í sams konar könnunum sem MMR hefur gert meðal almennings. Nánari útlistun á trausti háskóla fólks til fjölmiðla má sjá hér til hliðar.

Eðlilegt hlýtur að teljast að ráðamenn í stjórn mála- og efnahagslífi skiptist á skoðunum við háskóla fólk líkt og aðra borgara um ýmis málefni samfélagsins og þá er háskóla fólk alls ekki hafið yfir gagnrýni frekar en aðrir sem láta sig samfélagsmál varða. En ef ráðandi aðilar í samfélaginu hafa hins vegar í frammi ógnandi tilburði eða láta í það skína að þeir muni á einhvern hátt nýta vald sitt gegn háskóla fólki er hættu á því að háskóla fólkið hætti sér ekki út í samfélags- umræðuna og um leið að ákveðar raddir í hinni lýðræðislegu umræðu heyrast ekki.

